

Nr. 13.
19. júní.

Konungsúrskurður

um

uppburð laga og mikilvægra stjórnarráðstafana fyrir konungi.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands og 1. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. október 1903 höfum Vjer allramildilegast úrskurðað þannig:

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal framvegis eins og hingað til bera upp fyrir konungi í rikisráðinu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.